

Alþingi
Erindi nr. P 138/995
komudagur 25.1.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. janúar 2010

Efni: Frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði EES 277. mál og frumvarp til laga um breytingar laga vegna frumvarps um þjónustuviðskipti á innri markaði EES, 278. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hefur fengið til umsagnar ofangreind frumvörp.

Með ofangreindum frumvörpum er verið að innleiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/123/EB um þjónustu á innri markaði (þjónustutilskipun). Samtök atvinnulífsins binda miklar vonir við að innleiðingin hafi jákvæð áhrif á íslenskt atvinnuumhverfi. Með einni upplýsinga- og þjónustuveitu (Point of Single Contact) munu samskipti fyrirtækja og stjórnvalda einfaldast mikið frá því sem nú er þegar fyrirtæki þurfa að sækja um leyfi fyrir rekstri sínum til margra mismunandi stofnana. Um leið er bundin von við að rafræn samskipti við upplýsinga- og þjónustuveituna einfaldi og flýti öllum verkferlum við leyfisveitingar. Munu íslensk fyrirtæki njóta góðs af slíku hagræði. Á tímum efnahagskreppu er enn mikilvægara en ella að hvetja til aukinna viðskipta milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Hefur þegar verið komið að nokkru leyti til móts við athugasemdir SA við frumvarpið á vinnslustigi þess í viðskiptaráðuneytinu.

Gæði þjónustu

Í 17. gr. frumvarpsins er að finna upptalningu á þeim upplýsingum sem þjónustuveitendur skulu hafa tiltækar fyrir kaupendur. Ljóst er að þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir eru nokkuð ítarlegri en krafa er gerð um í íslenskum lögum nú til þjónustuveitanda í lögum um þjónustukaup og í lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga. Að þessu leyti mun þjónustutalningunin leggja nokkrar byrðar á innlenda þjónustuaðila sem ekki er að finna nú í löggjöf. Ákvæði þessi eru hins vegar ófrávíkjanleg í þjónustutalninguninni og verður því ekki undan þeim vikist. Þá munu ákvæði þessi einnig ná jafnt til innlendra fyrirtækja sem og fyrirtækja í öðrum aðildarríkjum EES-svæðisins.

Það er einnig sérstakt umhugsunarefni hvernig kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa ber að taka á málum er varða gæði þjónustu þegar neytandi vill byggja á lögunum um þjónustuviðskipti.

island.is

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Í greinargerð með frumvarpinu segir að staðsetning upplýsinga- og þjónustuveitunnar muni verða hjá island.is. Í lögunum sjálfum er hins vegar ekki að finna neina tilvísun til island.is og skortir því á að mati Samtaka atvinnulífsins að island.is sé veitt nægileg lagastoð og heimildir til að sinna því starfi sem upplýsinga- og þjónustuveitunni er ætlað að sinna. Þannig væri rétt að veita island.is heimild til að gefa út leyfi í umboði viðkomandi stofnana eða a.m.k. að veita island.is heimild til að vera milligöngumaður um slík leyfi.

Einföldun leyfisveitinga

Samtök atvinnulífsins eru sammála þeirri nálgun sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins um breytingu laga vegna frumvarpsins um þjónustuviðskipti, þ.e.a.s. að nota tækifærið og einfalda stjórnslu varðandi leyfisveitingar. Hvetja SA til þess að sú heimild sem löggin munu veita efnahags- og viðskiptaráðherra að færa verkefni varðandi leyfisveitingu til verslunar með notuð ökutæki verði færð á hendur einu sýslumannsembætti. Með slíku næst einnig meira samræmi á afgreiðslu leyfisbeiðna og betri stjórnslu í viðkomandi málaflokki.

Kynning

Til að löggin nái því markmiði sínu að auðvelda þjónustuveitendum að stofna til nýrrar starfsemi er nauðsynlegt að farið verði af stað með kynningarátak til fyrirtækja. Ljóst er að flest minni og meðalstór fyrirtæki annaðhvort þekkja ekki eða mjög lítið þjónustutillskipunina og hvaða möguleikar eru fölgirnir í henni.

Þrátt fyrir allnokkra vinnu á vegum Utanríkisráðuneytisins um ráðstefnu um þjónustutillskipunina varð aldrei neitt úr þeirri vinnu. Fulltrúi SA tók þátt í þessari vinnu en þegar ljóst var að lítið bólaði á framkvæmdum hélt SA sinn eigin morgunverðarfund um efnið. Ljóst er að slíkur fundur er þó einungis dropi í hafið á því átaki sem nauðsynlegt er að gera í kynningu á þessu máli. Í slíku átaki þarf jafnt að nýta sér fjölmiðla til að koma skilaboðum á framfæri, útbúa kynningarefni og leiðbeiningar til fyrirtækja svo og að halda námskeið og ráðstefnur um efnið. eru Samtök atvinnulífsins tilbúin að koma að slíku kynningarátaki með stjórnvöldum ef eftir slíku verður óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Brétsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is